

FUNDARGERÐ

158. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.
Fundartími: Þriðjudagur 16. mars 2009 kl. 16:00.
Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna og Victoria Jonsson fulltrúi foreldra.

1. Samstarf við tónskólann og grunnskólann.

Samstarf milli tónskólans og leikskólans hófst miðvikudaginn 4. mars s.l. Krummahópur fer alla miðvikudaga í tónskólann og er verið að kynna fyrir þeim hljóðfæri. Æfingar eru svo áætlaðar fyrir sumarhátíð.

Einnig er hafið samstarf milli grunn- og leikskóla sem felst í að elsti hópurinn í leikskólanum heimsækir yngstu nemendur grunnskólans einu sinni í viku ásamt kennara og skoðar og kynnist skólanum ásamt námsefninu.

Þessi dagskrá er utan vorskólans.

2. Starfsmannamál.

Halla nefnir að mögulega þurfi að bæta við starfsmanni í maí og fram á sumar þegar Hjördís Rut klárar sitt fæðingarorlof.

3. Önnur mál.

Framundan er sumarhátíð leikskólans 23. apríl n.k. Foreldrasamtölum er u.þ.b. að ljúka.

Á fundi leikskólastjóra á Suðurlandi kom upp sú hugmynd hvort möguleiki væri á að hafa eitt foreldraráð fyrir Leik- og Grunnskóla í fámennum skólum.

Formaður sendir fyrirspurn vegna þessa í menntamálaráðuneytið.

Halla, Victoria, og Hjördís Rut yfirgefa fundinn.

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri.

1. Samstarf við leikskólann.

Kristinn lýsti ánægju sinni með samstarf milli leik- og tónskóla.

2. Önnur mál.

Hljómsveitaræfingar á strengjahljóðfæri eru hafnar á fimmtudögum fyrir flesta aldurshópa. Og eru ýmsar hljómsveitir að myndast.

Í tengslum við verkefnið „Spunalög og spilverk“ fór Kristinn með hóp eldri nemenda í tónskólann á Kirkjubæjarklaustri 6. mars s.l. til að spila fyrir aðra nemendur og taka þátt í samspili.

Fyrirhugað er að fara með hópinn á Hvolsvöll 27. mars n.k.

Fyrirhugaðir eru tvennir almennir tónleikar 25. mars n.k., þematónleikar eða sköpunartónleikar seinnipart aprílmánaðar, og lokatónleikar 20. maí. Nemendur munu spila á kaffihúsadegi „flygilsjóðsins“ þann 21. mars n.k. og munu nemendur einnig spila á sambandsþingi USVS þann 28. mars n.k.

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn.

Á fundinn er mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólalastjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi foreldraráðs.

1. Haustskýrsla grunnskólans.

Kolbrún Ósk skilar undirritaðri haustskýrslu.

2. Mötuneyti - föstudagar.

Kolbrún Ósk sagði að gerð hefði verið könnun um hvort nemendur og starfsfólk vildu hádegismat á föstudögum og er verið að vinna úr þeim gögnum og verður skilað á næsta fund fræðslunefndar.

Kristín Marti Kasparsdóttir fulltrúi kennara mætir til fundarins.

3. Reglugerð um skólaráð og reglugerð um innritun í framhaldsskóla.

Lagt fram til kynningar.

4. Umsókn um launalaust leyfi.

Victoria Jonsson sækir um launalaust leyfi til eins árs þ.e. 01.08.2009 til 31.07.2010. Fræðslunefnd samþykkir beiðnina fyrir sitt leyti.

5. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 20. febrúar 2009.

Efni: Tilkynning um dagsetningar samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk haustið 2009. Lagt fram til kynningar.

6. Starfsmannamál.

Kolbrún Ósk segir starfsmannaviðtöl vera langt komin. Bergþóra Ástþórsdóttir hefur verið ráðin sem leiðbeinandi við skólann í hlutastarf og mun annast handmenntakennslu til vors. Áslaug Einarsdóttir sem sinnt hefur því starfi um árabíl mun í staðinn taka að sér sérkennslu.

7. Önnur mál.

IV. Almennt

1. Skýrsla Atvinnuþróunarfélagsins frá íbúáþingi – skipun í vinnuhóp.

Á fundi sveitarstjórnar þann 1. apríl 2008 var samþykkt að setja af stað undirbúning þess að sameina leik-, grunn- og tónskóla í eina stofnun undir einum stjórnanda. Óskað var aðstoðar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands við vinnuna og til grundavallar lá heimild í nýjum lögum um leik- og grunnskóla ásamt skýrslu ÞRÍ-ráðgjafa frá maí 2007. Íbúáþing var haldið 17. janúar 2009 þar sem mættir voru um 30 manns.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu:

Fræðslunefnd samþykkir að skipa 5 manna stýrihóp til að leiða vinnu við gerð menntastefnu Mýrdælinga. Stýrihópin skipi 3 fulltrúar úr fræðslunefnd og 2 úr hópi foreldra sem tóku þátt í íbúáþingi. Stýrihópi ber að leita til skólalastjórna, starfsfólks foreldra/forráðamanna, nemenda og annarra er láta sig fræðslu og uppeldi barna og unglinga varða..

Ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag skólanna er vísað til sveitarstjórnar.

Tillagan samþykkt.

Í stýrihópinu eru skipuð Þorgerður, Inger og Andrína úr fræðslunefnd, Harpa Jónsdóttir og

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson úr hópi foreldra sem tóku þátt í íbúáþinginu.

Fundi slitið kl.18:40

| | | |
|----------------------|------------------------------------|--------------------------|
| Inger Schiöth | Þorgerður Einarsdóttir Formaður | Andrína G. Erlingsdóttir |
| Guðný Sigurðardóttir | | Lára Oddsteinsdóttir |